

Föstudaginn 28. mars 1980.

Nr. 92/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkis-
saksóknari)

gegn

Hallmari Thomsen

(Gylfi Thorlacius hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ríkharður Másson, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhalds-þróf í máli þessu og allmörg ný gögn lögð fram, aðallega að því er varðar innheimtuaðgerðir á fjárhæðum víxla þeirra, er mál þetta er af risið. Frekari skýrslur voru teknar af ákærða og þrem vitnum.

Með bréfi, dags. 31. október 1973, sendi Sigurður Baldurs-son hæstaréttarlögmaður sýslumanninum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu ljósrít af fjórum víxlum, er greinir undir tl. 2, 3, 4 og 5 í ákæruskjali. Kvað hæstaréttarlögmaðurinn ákærða hafa falsað nafn Ólafs Helga Gestssonar á víxla þessa, og óskaði þess, að mál þetta yrði rannsakað.

Hinn 8. nóvember 1973 var Tómas Enok Thomsen pípu-lagningamaður, Ólafsbraut 36 í Ólafsvík, yfirheyrður sem vitni í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Er hann allbróðir ákærða. Voru honum sýnd ljósrít víxla þeirra, er greinir undir tl. 2 og 3 í ákæruskjali, en nafn hans er ritað á báða víxla þessa sem útgefanda og ábekings. Ekki kann-aðist hann við að hafa ritað nafn sitt á víxla þessa og sagði það falsað. Kvaðst hann hafa fengið tilkynningar frá útibúi Útvegsbankans í Kópavogi, Verzlunarbanka Íslands h/f og Alþýðubankanum h/f um vanskil víxlanna og kröfu um

greiðslu þeirra, en við framhaldspróf í málinu 22. febrúar 1980 var borið undir hann ljósrít víxils þess, er greinir undir tl. 1 í ákæruskjali, og kannaðist hann ekki heldur við að hafa ritað nafn sitt sem útgefandi og ábekingur á þann víxil. Kvað hann nafn sitt falsað og nafnritunina á víxlinum ekkert líkjast sinni nafnritun.

Eftir að honum bárust framangreindar tilkynningar, kveðst Tómas Enok hafa spurt ákærða, hvernig á víxlum þessum stæði. Hann hafi svarað því til, að hér væri um einhvern misskilning að ræða og hann mundi kippa þessu í lag. Segist Tómas Enok hafa treyst þessu og því ekkert frekar aðhafst í málinu, enda haldið, að það væri úr sögunni.

Ólafur Helgi Gestsson kom fyrir sakadóm við framhaldsrannsókn málsins 22. febrúar 1980. Voru borin undir hann ljósrít víxla þeirra, er greinir undir tl. 2 til 5 í ákæruskjali. Kveðst hann ekki hafa ritað nafn sitt á víxla þessa og væri það falsað, en ekki hefði verið reynt að líkja eftir rithönd sinni. Þá kvað hann nafn sitt og hafa verið falsað á víxil þann, er getur undir tl. 1 í ákæruskjali.

Ákærði skýrir svo frá, að í júnímánuði 1973 hafi hann vegna fjárhagsörðugleika sinna leitað til Guðbjarts Þórðar Pálssonar bifreiðarstjóra, Bragagötu 38 A í Reykjavík, og beðið hann um að útvega sér fé að láni. Af því tilefni hafi hann „fyllt út“ fimm víxla og afhent Guðbjarti fjóra þeirra, þá er greinir undir tl. 1, 2, 4 og 5 í ákæruskjali. Hafi Guðbjartur lofað að selja þá fyrir ákærða og útvega honum þannig fé.

Víxli þeim, er greinir undir tl. 3 í ákæruskjali, kveðst ákærði hafa ráðstafað sjálfur í Alþýðubankanum h/f í Reykjavík sem „framlengingarvíxli“ í stað víxils að fjárhæð 50.000 krónur, sem hann hefði selt þar, sennilega í febrúarmánuði 1973.

Ekki kveðst ákærði hafa vitað um sölu Guðbjarts á víxlunum, fyrr en hann var krafinn um greiðslu þeirra af viðkomandi bönkum, enda hafi áður verið svo um talað milli Guðbjarts og sín, að Guðbjartur geymdi víxlana, uns ákærði hefði útvegað sér fé til að leysa þá út, en Guðbjartur hafi

haft góð orð um að selja fyrir hann á gangverði fasteigna-tryggt skuldabréf.

Hinn 4. febrúar 1974 gaf Guðbjartur Þórður Pálsson skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Skýrði hann svo frá, að vorið 1973 hefði ákærði komið að máli við hann og beðið hann að kaupa af sér nokkra víxla eða koma þeim í peninga fyrir sig. Nokkru síðar kveðst Guðbjartur hafa tjáð ákærða, sem þá muni hafa verið búinn að afhenda honum 4 eða 5 víxla, alla „stílaða“, að hægt væri að koma út einhverjum víxlum gegn greiðslu í vörum, svo sem fatnaði og skákpeningum. Hafi ákærði fallist á þetta. Guðbjartur kveðst nokkru síðar hafa látið ákærða fá 75.000 krónur, að því er hann minnti, og haft á orði, að hann fengi fljótlega meiri peninga. Nokkru síðar kveðst Guðbjartur hafa látið ákærða fá 100.000 krónur, að hann taldi, og greitt með víxli frá honum skuld við útibú Útvegsbankans í Kópavogi. Þá kveðst Guðbjartur hafa látið ákærða fá „fatapartý“, sem ákærði hafi ætlað að selja og metið hafi verið á 260.000 eða 270.000 krónur. Fatnað þennan kvað ákærði hafa verið óseljanlegan og Guðbjart ófánlegan til að láta kaup þessi ganga til baka, en við þetta kannaðist Guðbjartur ekki. Enn fremur kveðst Guðbjartur hafa afhent ákærða tvö sett af skákpeningum, er hvort um sig muni hafa verið metið á 23.000 krónur. Loks kvaðst Guðbjartur hafa greitt að beiðni ákærða 11 eða 12 þúsund krónur fyrir erlendan gjaldeyri vegna utanfarar hans.

Ekki kveðst Guðbjartur hafa vitað, er hann tók við víxlunum af ákærða, að hann hefði falsað nafnritanir á þá, en víxlana hafi hann notað í ýmsum viðskiptum, m. a. til öflunar framangreinds varnings.

Við framhaldspróf í máli þessu fyrir sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hinn 11. desember 1979 kveðst ákærði hafa greitt þrjá af framangreindum víxlum. Víxil, er greinir undir tl. 2 í ákæruskjali, hafi hann greitt fyrir nokkrum árum, en ekki getað fundið hann. Víxla, er getur undir tl. 4 og 5 í ákæruskjali, sagði ákærði báða greidda. Guðbjartur Þórður Pálsson hafi afhent sér annan þeirra, en hinn hafi

Alexander Stefánsson, fyrrverandi sveitarstjóri, greitt. Sjálfur hafi hann síðan endurgreitt Alexander víxilfjárhæðina, en víxillinn sé enn í vörslum hans.

Ljósrit víxils þess, er greinir undir tl. 1 í ákæruskjali, ber með sér, að hinn 5. júlí 1973 hafi verið greiddar 1.500 krónur upp í víxilfjárhæðina. Ekki kvaðst ákærði vita, hver hefði innt þessa greiðslu af höndum, en taldi Guðbjart Þórð Pálsson hafa gert það. Sagði hann víxil þennan ógreiddan svo og víxil þann, er getur undir tl. 3 í ákæruskjali, en um greiðslu þess víxils hafi hann samið.

Við flutning málsins hér fyrir dómi lagði skipaður verjandi ákærða fyrir Hæstarétt tvær yfirlýsingar, dags. 20. mars 1980, aðra frá Verzlunarbanka Íslands h/f, en hina frá Inga R. Helgasyni hæstaréttarlögmanni. Í þeirri fyrri segir, að hinn 22. febrúar 1980 hafi ákærði greitt 25.000 krónur vegna víxils þess, er greinir undir tl. 1 í ákæruskjali, og sé skuld ákærða þá við bankann út af víxlinum 305.890 krónur, en ákærði hafi lofað að greiða inn á hana mánaðarlega frá 22. febrúar 1980.

Í síðari yfirlýsingunni segir, að ákærði hafi samið um skuld sína við Alþýðubanka Íslands h/f.

Alexander Stefánsson alþingismaður bar við framhaldspróf í málinu, að á árinu 1973 hefði hann tekið að sér að reyna að koma fjármálum ákærða í lag. Taldi hann, að af heildarskuldum ákærða væru ekki aðrar ógreiddar en þær tvær, er stöfuðu af tveim síðastgreindum víxlum.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa í heimildarleysi ritað nöfn þeirra Tómasar Thomsen og Ólafs Gestssonar sem útgefanda og ábekinga á framangreinda víxla, svo sem um getur í ákæruskjali, og hagnýtt sér þá, en sjálfur hafi hann samþykkt víxlana með nafnritun sinni. Varðar atferli ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber að ákvarða refsingu hans með hliðsjón af 77. gr. þeirra laga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað

sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

I þinghaldi 22. febrúar 1980 getur héraðsdómari þess, að mál þetta hafi verið þingfest 21. október 1976 og dómtekið 17. ágúst 1977, en misritast hafi á dómþingi þá, að málið hafi verið dómtekið 21. október 1976.

Á rekstri máls þessa hefur orðið vítaverður dráttur. Með bréfi 22. apríl 1974 sendi héraðsdómari ríkissaksóknara máls-skjöl. Ákæra er síðan ekki gefin út fyrr en 23. september 1975 og send dómara með bréfi, dags. sama dag. Ekkert er síðan aðhafst í málinu fyrr en 21. október 1976, er málið er þingfest og ákæra birt ákærða. Héraðsdómur er síðan ekki kveðinn upp fyrr en 17. ágúst 1977 og ekki birtur ákærða fyrr en 9. maí 1978.

Rannsókn máls þessa var ófullkomin, og samningu héraðs-dóms er ábótavant.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Hallmar Thomsen, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

17. ágúst 1977.

Mál þetta, sem höfðað er með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 23. september 1975, gegn ákærða, Hallmari Thomsen bifreiðarstjóra, Lindarholti 3, Ólafsvík, fæddum 7. maí 1932 á Siglu-firði, fyrir víxilfals með því að falsa á eftirgreinda fimm víxla, sem ákærði var sjálfur samþykkjandi á, nafnritanir útgefanda og ábyrgðarmanna, eins og rakið verður, og hagnýta sér síðan víxla-na í viðskiptum:

1. Víxil, vistaðan í Verzlunarbanka Íslands, kr. 100.000, útgefinn 1. maí 1973, með gjalddaga 15. júní s. á.

2. Víxil, vistaðan í Útvegsbanka Íslands, kr. 200.000, útgefinn 15. júlí 1973, með gjalddaga 15. ágúst s. á.

3. Víxil, vistaðan í Alþýðubankanum h/f, kr. 40.000, útgefinn 22. maí 1973, með gjalddaga 21. ágúst s. á.

Á þessa víxla ritaði ákærði sem útgefanda nafnritunina Thomas Thomsen, Ólafsvík, sem er bróðir ákærða, og sem ábyrgðarmenn nöfn Thomasar Thomsen og Ólafs Gestssonar, Ólafsvík.

4.—5. Tvo víxla, vistaða í Búnaðarbanka Íslands, hvorn að fjárhæð kr. 130.000, útgefna 20. júní og 2. júlí 1973, með gjalddögum 29. ágúst og 25. september s. á.

Á þessa víxla ritaði ákærði sem útgefanda og ábyrgðarmann nafn Ólafs Gestssonar, Ólafsvík.

Framangreinda víxla, að undanskildum þeim, er í 3. lið greinir, afhenti ákærði Guðbjarti Þórði Pálssyni bifreiðarstjóra, Bragagötu 38 A í Reykjavík, í viðskiptum þeirra á milli og fékk andvirði þeirra greitt ýmist í vörum eða peningum.

Víxil samkv. 3. lið notaði ákærði í Alþýðubankanum h/f sem framlengingarvíxil í stað víxils að fjárhæð kr. 50.000, sem ákærði hafði áritað sömu nafnritunum og áður selt Alþýðubankanum.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 7. maí 1932 í Siglufirði, hefur sætt kær- um og refsingum sem hér sgeir:

1971 19/10 Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla: Dómur: Ákærður fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing lätin niður falla, en dómur óljós um heimfærslu til refsíákvæða.

Af hálfu ákærða hefur ekki verið haldið uppi vörnum í máli þessu.

Málavextir eru þessir:

Í júní 1973 kom ákærði, Hallmar Thomsen, að máli við Guðbjart Pálsson, Bragagötu 38 A, Reykjavík, og bað hann að útvega sér peningalán. Ákærði segir, að hann hafi fyllt út 5 víxla, tvo að fjárhæð kr. 130.000 hvorn, einn að fjárhæð kr. 200.000, einn að fjárhæð kr. 40.000 og einn að fjárhæð kr. 98.000. Fjóra víxlana lét ákærði Guðbjart Pálsson hafa gegn einhverri greiðslu. Ákærði

falsaði nöfn þeirra: Thomasar Thomsen sem útgefanda og ábyrgðarmanns, Ólafs Gestssonar, Ólafsvík, sem ábyrgðarmanns á þrjá víxlana, þ. e. víxil, vistaðan í Verzlunarbanka Íslands, kr. 100.000, útgefinn 1. maí 1973, með gjalddaga 15. júní s. á., víxil, vistaðan í Útvegsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 200.000, útgefinn 15. júlí 1973, með gjalddaga 15. ágúst s. á., og víxil, vistaðan í Alþýðubankanum h/f, að fjárhæð kr. 40.000, útgefinn 22. maí 1973, með gjalddaga 21. ágúst s. á. Á hina tvo víxlana, vistaða í Búnaðarbanka Íslands, hvorn að fjárhæð kr. 130.000, útgefna 20. júní og 2. júlí 1973, með gjalddögum 29. ágúst og 25. september s. á., falsaði ákærði nafn Ólafs Gestssonar, Ólafsvík, sem útgefanda og ábyrgðarmanns.

Eins og áður sagði, afhenti ákærði Guðbjarti Pálssyni framangreinda víxla, að undanskildum þeim að fjárhæð kr. 40.000, sem ákærði seldi sjálfur í Alþýðubankanum h/f.

Ákærði staðfesti falsanir sínar á nafnritununum fyrir sakadómi 9. nóvember 1973, og lofaði hann þá einnig að greiða þessa víxla.

Varðar þetta atferli ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til þess, hve mál þetta hefur dregist á langinn, og ákærði hefur ekki gerst sekur um hegningarlagabrot síðan á miðju ári 1973, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga, en fresta þykir mega fullnustu refsingar eða láta hana niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Hallmar Thomsen, sæti varðhaldi í 15 daga, en fullnustu refsingar skal frestað og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.